

Nýútkomin lög.

Lög er breyta tilskipun 5. september 1794, staðfest af konungi 29. febrúar 1884, sbr. A. 4, bls. 22—23.

Brjef landshöfðingja til hæstarjettarassessors A. F. Kriegers innihaldandi þakk-læti fyrir bókaðgjafir. — Neðri deild alþingis þess, er haldið var í sumar, hefur með pingsályktun skorað á landshöfðingjann að þakka yður, hávelborni herra, fyrir þær miklu bókaðgjafir, er þjer hafið gefið landsbókasafni Íslands. 33
18. sept.
1883.

Um leið og jeg nú nýt þess heiðurs að framkvæma það erindi, er mjer þannig hefur verið á hendur falið, leyfi jeg mjer að lýsa yfir því, að þessar mikilsverðu gjafir hafa verið meðteknað með innilegri viðurkenningu fyrir þá framúrskarandi velvild og umhyggju fyrir Íslandi, er á þenna hátt hefur komið svo fagurlega fram af yðar hendi.

Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um úthlutun á styrk til prestaekna og barna. — Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi dags. 6. p. m., fellst jeg á, að þeim 2500 kr., sem fyrir árið 1884 eru veittar til prestaekna og barna í 13. gr. A. b. 6. í fjárlögunum fyrir 1884 og 1885, verði skipt milli neðan nefndra prestaekna á þann hátt, að hver þeirra hljóti þá upphæð, sem nú skal greina: 34
8. marz.

1. Kristín Gunnarsdóttir frá Desjarmýri	kr. 80,00
2. Guðlaug Guttormsdóttir frá Skeggjastöðum	— 30,00
3. Helga Guðmundsdóttir frá Eydölum	— 40,00
4. Þorbjörg Jónsdóttir frá Kolfreyjustað	— 50,00
5. Björg Magnúsdóttir frá Dvergasteini	— 40,00
6. Oddný Fr. Pálsdóttir frá Kálfafellsstað	— 60,00
7. Jóhanna A. Lúðvíksdóttir frá Sandfelli	— 50,00
8. Guðrún Pjetursdóttir frá Arnarbæli	— 40,00
9. Guðrún Ingvarsdóttir í Gulárósi	— 50,00
10. Guðrún Þorvaldsdóttir frá Reynivöllum	— 50,00
11. Solveig Einarsdóttir, nú í Miðskála	— 30,00
12. Halla Ingvarsdóttir á Torfastöðum	— 60,00
13. Ingibjörg Þórarensen frá Stokkseyri	— 30,00
14. Steinunn Melsteð frá Klausturhólum	— 40,00
15. Helga Pálsdóttir frá Reynivöllum	— 60,00
16. Helga Magnúsdóttir frá Glæsibæ	— 50,00
17. Margrjet Narfadóttir frá Glæsibæ	— 80,00
18. Elín Scheving frá Vogsósum	— 70,00
19. Sigríður Magnúsdóttir frá Viðvík	— 50,00
20. Guðlaug Eiríksdóttir frá Reynivöllum	— 42,00
21. Halldóra Jónasdóttir á Grímsstöðum	— 80,00
22. Halldóra Jónsdóttir úr Nesþingum	— 50,00

Flyt — 1132,00

29. d. marzm. 1884.

Fluttar: kr.1132,00

34			
8. marz.	23.	Margrjet Hjálmarsen frá Hítardal	— 20,00
	24.	Margrjet Magnúsdóttir í Stórholti	— 40,00
	25.	Margrjet Magnúsdóttir í Hvammi	— 25,00
	26.	Helga Árnadóttir á Ísafirði	— 40,00
	27.	Elín Einarsdóttir frá Þingeyraklaustri	— 60,00
	28.	Guðrún Ólafsdóttir frá Otrardal	— 40,00
	29.	Valgerður Benjamínsdóttir frá Gufudal	— 50,00
	30.	Sigríður Ingimundardóttir í Dufansdal	— 60,00
	31.	Helga Arnfinnsdóttir í Djúpadal	— 50,00
	32.	Sigríður Oddsdóttir í Ytri-Húsum	— 70,00
	33.	Guðrún Pálsdóttir á Stað í Aðalvík	— 50,00
	34.	Anna Guðmundsdóttir á Akranesi	— 40,00
	35.	Guðrún Ólafsdóttir frá Melstað	— 90,00
	36.	Guðrún Ólafsdóttir frá Árnesi	— 50,00
	37.	Elísabet Jónsdóttir frá Melstað	— 50,00
	38.	Guðrún Finnbogadóttir frá Melstað	— 50,00
	39.	Sigurbjörg Jónsdóttir frá Undirfelli	— 50,00
	40.	Sigríður Björnsdóttir frá Undirfelli	— 60,00
	41.	Maren Níelsdóttir frá Höskuldsstöðum	— 60,00
	42.	Steinunn Jónsdóttir frá Höskuldsstöðum	— 60,00
	43.	Guðrún Thorlacius á Hafsteinsstöðum	— 40,00
	44.	Þóra Sigurðardóttir á Miðsetu	— 30,00
	45.	Katrín Jónsdóttir Norðmann í Langhúsum	— 30,00
	46.	Valgerður Þorsteinsdóttir á Laugalandi	— 25,00
	47.	Eggþóra Eggerzdóttir á Möðruvöllum	— 30,00
	48.	Kristjana Pálsdóttir á Nunnuhóli	— 20,00
	49.	Málfríður Jónsdóttir á Hóli	— 70,00
	50.	Guðrún Jónasdóttir frá Höfða	— 50,00
	51.	Sigríður Þorbergsdóttir á Húsavík	— 26,00
	52.	Guðrún Brynjúlfson í Kaupmannahöfn	— 32,00
		Samtals 2500,00	

Jafnframt því að tjá yður þetta til þóknarlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum, get jeg þess, að jeg í dag hefi ritað landfógetanum um útborgun fjár þessa.

35
10. marz. Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um bráðabirgðaruppbót til fátækra brauða — Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknalegu brjefi, dagsettu 8. p. m., skal þeim 5000 kr., sem með 13 gr. A b. 2 í fjárlögnum eru veittar fyrir árið 1884 til bráðabirgðaruppbótar fátækum brauðum, skipt þannig, að prestaköll þau, er nú skal greina, fái þá uppbót, sem tilfærð er við hvert þeirra: